

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til að setja lög um breyting á lögum nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar séu ákveðnar viðtækar efnahagsráðstafanir er brýna nauðsyn beri til að hrinda í framkvæmd þegar í stað, til þess m. a. að draga úr verðbólgu og vernda hag þeirra sem við lökust kjör búa; þar á meðal séu ráðstafanir til að lækka tolla, og þar með verðlag á ýmsum nauðsynjavörum heimilanna.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. grein stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 1. gr. tollskrárlaga:

- a) Tollur á vörum í eftirtöldum tollskrárnúmerum lækki í 40%:
08.01.79, 08.03.00, 19.03.00, 19.05.00, 20.02.02, 20.03.00, 21.02.19, 21.07.05, 21.07.06, 69.11.00, 69.12.00, 70.12.00, 73.38.11, 73.38.19, 76.15.10, 82.08.00, 82.09.01, 82.09.09, 82.14.00, 85.12.54, 87.13.01, 87.13.09 og 98.15.00.
- b) Tollur á vörum í eftirtöldum tollskrárnúmerum falli niður:
90.01.01, 90.03.00, 90.04.09 og 90.19.10.
- c) Tollskrárnúmer 70.13.00 ásamt skiptiliðum orðist svo:
70.13 Borðbúnaður, húsbúnaður, snyrtiahöld, hreinlætistöki og skrifstofuáhöld, skrautmunir o. þ. h. úr gleri (þó ekki vörur sem teljast til nr. 70.19):

Tolltaxti %

-01 Borðbúnaður og búsáhöld	40
-09 Annað	80

2. gr.

Lög þessi eru sett til að öðlast gildi frá og með 1. júlí 1983.

Gjört í Reykjavík, 28. júní 1983.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L.S.)

Albert Guðmundsson.